Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála. 1847-1893

Aðfnr. 1016, örk 9

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Med þvi gamall útslitinn og umkomulaus madur
Hallvardur Sigurdsson ad nafni frá Glammastödum í
Svínadal, hefur legid hér veikur í megnri bólgusótt
og liggur nú á adra viku hjá ekkjunni Ástu á Vegamótum, þá leifi eg mér ad skýra fátækra stjórninni frá
þessu, og geta þess um leid ad téd ekkja hefur talid sig reidubúna til ad veita honum ásjá ef fátækrastjórn bæjarins
vildi stydja hana til þess.—

Reykjavik 8 November 1872

Hjaltalín

Til Fátækrastjórnarinnar í Reykjavíkurbæ

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Fátækrastjórnar í Reykjavík

opinbert málefni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fylgiskjal.

Útdráttur
af skiptabók Reykjavíkur kaupstaðar.

Bú Halldóru Jónsdóttur á Helgabúðum

| | | |
|---|---|---|
| Dánarbúið uppskrifað og virt 19 Júlí þ. á. fyrir | 84 rd 16 | |
| Lausafje búsins og mór selt við uppboð 12 Ág 1870 fyrir | | 38-72 |
| bær búsins seldur undir hendinni fyrir | | 60 - |
| | | 98-72 |
| Ýmsar skuldir er hvíldu á búinu, svo sem sjúkdóms kostnaður fyrir vinnu á heimilinu m. m. | | 24-58 |
| til fátækrasjóðsins upp í skuld hans .... | | 74-14 |

Reitur Eyjólfs Jónssonar
virtur og uppskrifaður 5 Ág 1870 á 9 rd 56.

| | | |
|---|---|---|
| Seldur við opinbert uppboðsþing samkvæmt uppboðsbók 12 Ág 1870. fyrir | 14 rd 20. | |
| þarfrá gengur fyrir uppskrift og virðingu flutning framm á | . 88 | 13-28 |

Reitur Ástríðar Jónsdóttur á Sauðagerði

| | | |
|---|---|---|
| Uppskrifaður og virtur þann 5 Ág þ. á. | 5-80 | |
| Seldur við opinbert uppboðsþing 12 Ág 1870. fyrir | 8-4. | |
| þarfrá gengur fyrir uppskrift og virðingu | . 64 | 7-36 |

Samkvæmt skiptabókinni vottar.

A. Thorsteinson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt dómabókum landsyfirrjettarins vottast,

að máli því, er dæmt var í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur 20. aprílmán. 1865 milli Gymnastiklærer Steenberg og Gjörtlari Jörgensen, og áfrýjað var til yfirdómsins af hinum fyrnefnda með yfirdómsstefnu 15. júní 1865, var vísað frá yfirdóminum með dómi hans 14. ágústmán. næst á eptir;

að með dómi yfirdómsins 18. janúarmán. 1869 er Teitur dýralæknir Finnbogason, sem dæmdur hafði verið í 2 rd. 32 sk. sekt til Reykjavíkur fátækrasjóðs með pólitírjettardómi téðs kaupstaðar 17. októbermán. 1868, dæmdur sýkn af ákærum hins opinbera; og

að með dómi yfirdómsins 18. maímán. 1869 er Þorvaldur verzlunarstjóri Stephensen, sem með pólitírjettardómi Reykjavíkur kaupstaðar 17. októbermán. 1868 hafði verið dæmdur til að greiða 2 rd., helminginn Einari yfirprentara Þórðarsyni og hinn helminginn fátækrasjóði téðs kaupstaðar, dæmdur sýkn af kærum og kröfum Einars yfirprentara.

Skrifstofu yfirdómsins á Íslandi 21. dag janúarmán. 1871.

Magnús Stephensen
settur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefur hinn 10. þ. m. ritað mjer svo látandi brjef:

„Jafnframt því að senda beiðni fátækranefnd-
„arinnar af 6. þ. m. til stiptamtsins um sam-
„þykki til að verja veðskuldabrjefi 6. Nóv. 1847
„að upphæð 400rd til að borga upp í skuld þá,
„er fátækrasjóðurinn við árslokin 1870 var
„kominn í og sem eptir fátækrareikningunum
„er alls 847rd. 30sk., samt ágreiningsatkvæði
„minni hluta nefndarinnar (adjunkts H. K. Frið-
„rikssonar) er fráræður nefndri ráðstöfun
„sem óþarfri og af því að fátækranefndina
„skorti fulla heimild til að framkvæma hana,
„þar það sje öll bæjarstjórnin, er bæði hafi
„umráðin yfir slíkum eignum sveitarfje-
„lagsins og eigi að láta í tje það, sem þarf
„til útgjalda fátækrasjóðsins — hefur
„herra Cancelliráðið látið fylgja álit bæjar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórnarinnar af 8. f. m. þess innihalds,
„að hún fyrir sitt leyti samþykkir, að
„upphæð umgetinn viðskuldabrjefs verði
„varið til borgunar uppí skuld fátækra-
„sjóðsins.
„Í þessu tilefni skal jeg hjermeð
„þjenustusamlega bjóða herra Cancellíráði
„til þóknanlegrar leiðbeiningar og birting-
„ar fyrir hlutaðeigendum, að stiptamtið
„hjermeð samkvæmt bæði fátækranefnd-
„arinnar og greinda álits bæjarstjórnarinn-
„ar samþykkir, að upphæð umgetins við-
„skuldabrjefs megi, þegar skuldin verður
„endurborguð, 11. júní þ. á., verða varið til
„borgunar uppí hjerumrædda skuld
„fátækrasjóðsins. Þareð það samt virðist
„áskilegt að fátækrasjóðurinn, ef á liggur,
„hafi til umráða með samþykki hlut-
„aðeigenda eitthvað, sem hægt er að koma
„í peninga, og þareð á þessu ári ekki verða
„eptir nema 50 rd. af þeim 550 rd., sem fátækra-
„sjóðurinn átti áður, meðan þeir 500 rd. verða
„eyddir, leiðir stiptamtið nýnefnt sam-
„þykki við það skilyrði, að fátækranefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„skuli skyld til í næstu eptirfylgjandi 5
„ár frá 1. Januar 1872 að reikna, árlega út-
„vegi konunglegt 4% skuldabrjef uppá
„100 rd, svo að renturfje það, er fátækra-
„sjóðurinn átti og nú að nokkru leyti er
„eytt, verði endurgoldið með jafnmiklu
„renturfje. — Eptir því, sem nefnd
„konungleg skuldabrjef innfærast, ber að
„senda þau Stiptamtinu til þess að útlaga
„áteiknun um, að þau ekki megi afhenda,
„veðsetja nje kvitta án leyfis Stipt-
„amtsins."

Það undanfelli jeg ekki hjermeð að tilkynna yðar Háæruverðugheitum, sem formanni fátækranefndarinnar í Reykjavík.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 13. Marts 1871.

A Thorsteinson

Háæruverðugum
Herra dómkirkjupresti, prófasti O. Pálssyni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt úrskurði Stiptamtsins, dags. 15. Septbr. 1870 ber fátækrasjóði Reykjavíkur kaupstaðar að greiða Vatnsleysustrandarhreppi, sem útfararkostnað Pjeturs heitins Ólafssonar, - - - - - - - - - - - - 19rd 80sk

En þar hjeðan hreppur stendur í skuld við fátækrasjóðinn hjer, um framfærslu veitta Magnúsi nokkrum Jónssyni - 9rd 30
og fyrir prestsekkju Margrjeti Narfadóttur - - - - - - - - - - - 8-55 = 17rd 85

Skal jeg hjermeð biðja yður að greiða mismuninn ——— 1rd. 91sk til sýslumannsins í Gullbringusýslu, hverjum jeg í dag hefi skrifað um málefni þetta.

Samkvæmt þessu mætti yður þóknast að færa á reikning 19rd 80sk til útgjalda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í reikningi yðar fyrir þ. á., en nema burt-
úr eptirstöðvalistanum skuld Strandahrepps,
17rd 85ß. –

Þess skal getið, að þarsem Stranda-
hreppur skendur í 20rd 3ß skuld til fátækra-
sjóðsins hjer við árslok 1870, – þá er sú skuld
innifalin í þeim framangreindu 17rd 85, og 2rd 65ß
sem þjer áður hafið meðtekið hjeðan.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 26. Júlí 1871.

A. Thorsteinson

Til

Fátækragjaldkerans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

…ppi,

…kra-

…kald

… Nº 65

…a.

…1871.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 12/5-71

Til fátækranefndar Reykjavíkurbæjar!

Hjermeð leyfum við okkur að senda hinni heiðruðu fátækranefnd reikning yfir kostnað þann, sem leiddi af legu sjúklingsins Guðrúnar Jónsdóttir. Við skulum geta þess, að þessi sjúklingur varð veikur hjer í bænum (úti Völl) og lá þar með mjög megna sótt, svo í veði var að allur bærinn (Völl) yrði undirlagður, auk þess sem hún afrækti að losa hana. Það var <u>því brýnasta nauðsyn til að hjálpa henni sem allra fyrst</u> og sáum við eigi önnur ráð, en taka henni uppí okkar ábyrgð á Hospitalið í þeirri von að fátækranefndin tæki hana að sjer og erum við samferða um að hún gjöri það, þótt við eigi svo fyrst af höfum látið þess getið við hana.

Reykjavík 12. mai 1871

Hjaltalín    Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Litlugröf 12 Juni 1871

S. T. Herra Fátækra stjóri Prentari Einar Þórdarsön

Hjer með undan felli eg ekki að gjefa ydur til vitundar að eg hefi haldið ómagann Önnu Bjarnadóttir frá 25 Mai 1870 til sama dags 1871 og viður kenni hjer með að hafa fengið i með gjöf með henni um sjeðan árs tíma sinni og ákvedið var 90 rdl. en með gjöf með henni frá 25 Mai næstlidna til hvörs herra hreppstjóra Jóni Jónssyni á Galtarholti sem hún dvelur nú hjá, og hefur hann gjört það að lofa henni i sýn hús til reinslu i bráð sum part af því að Sjálfur maður minn mælti á móti að gefa henni vega bjef uppa Fátækra flutning, en einnig fyrir til mæli min og Halldóru dóttur hennar af því að við vissum glöggt að heimili hanns er aitthvort hið besta sem fengist gjetur henni til handa. og nú kjemur hann suður og finnur ydur og verdur það þá eptir því sem um semst ykkar á milli um veru hennar þar, og hvört hann sjer, sjer mögu legt að hýsa hana stutt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eda lengi

Með virðingu yðar

H Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S. T.

Herra Fatækraðsm. Prentari E. Þórðarson

i Reykjavik

28
11
---
38
38
---
418

Hervedtager jeg mig den Frihed at forespörge den ærede Commission om den vil overtage den Gudmund Jónsson förtilhörende Bd „Bergstadir" for den ved Auction noterede Kjöbesum, imod at den betaler mig nu strax mit Tilgodehavende, med paalöbende Renter, hos förnævnte Gudmundr Jónsson til Belöb 155 rd 1 ₰ 15 ß.

Svar udbedes.

Reykjavik 17 Juli 1871.

Ærbödigst

M. Smith

Til
Fattigvæsenets Commission i Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Fattigvæsenets Commission

i Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 25.

Eg Jón Skeggjason,
bóndi á Hvassafelli í Norðurárdal

Gjöri kunnugt: að eg með fengnu peningaláni er orðin skuldugur **sparisjóði** í Reykjavík um þá upphæð eitt hundrað ríkisdali ríkismyntar

og lofa og undirgengst eg að greiða í vexti af upphæð þessari fimm af hundraði á ári, og eru vextir til 11ta Decbr. 1873 fyrirfram borgaðir m. 5rd 10/svo og að endurborga höfðstólinn 100 ríkisdali 11. Decbr 1873 að öllu kostnaðarlaust fyrir láneiganda.

Sè vextir ei greiddir í gjalddaga eða höfuðstóll, lofa eg að greiða af skuldinni auk hinnar umsömdu leigu 2 af hundraði á ári frá gjalddaga, þangað til rètt skil eru sýnd.

Verði vanbrestur á lúkningu á höfuðstól eða vöxtum, skuldbind eg mig til að svara fyrir gestarètti í Reykjavíkur kaupstað án tillits til varnarþings eða lögheimilis míns, svo og að sæta hinni hröðu málssókn, sem ákveðin er í tilskipun 25. Janúar 1828.

Skuldabrèf þetta hefi eg undirskrifað í nærveru vitundarvotta

Vitundarvottar
Böðvar Þorvaldsson
B. Hjaltested

Reykjavík, 4. Decbr. 1872.
Efter given Fuldmagt.
Heinrich C. J. Bjering

Vextir til 11. Decbr. 1873 fyrirfram borgaðir með 5rd 10 sk

Að þeir eitt hundrað ríkisdalir, ríkismyntar, sem Jón Skeggjason skuldar eftir skuldabrèfi sínu dags. 4. Decbr. 1872 til sparisjóðs í Reykjavík svo og vextir þeir sem svarast skulu af höfuðstólnum verði borgaðir, ábyrgist eg sem ábyrgðarmaður, svo sem skuldin hvíli á sjálfum mèr og lofa eg skilvísri og skaðlausri borgun á henni og vöxtum í öllu tilliti kostnaðarlaust fyrir láneiganda, sem og að svara fyrir gestarètti í Reykjavík án tillits til lögheimilis míns eða varnarþings.

Reykjavík, 4. Decbr. 1872.
J. Steffensen

Að þeir eitt hundrað ríkisdalir ríkismyntar, sem Jón Skeggjason skuldar eptir skuldabrèfi sínu dags. 4. Decbr. 1872 til sparisjóðs í Reykjavík svo og vextir þeir sem svarast skulu af höfuðstólnum verði borgaðir, ábyrgist eg sem ábyrgðarmaður, svo sem skuldin hvíli á sjálfum mèr og lofa eg skilvísri og skaðlausri borgun á henni og vöxtum í öllu tilliti kostnaðarlaust fyrir láneiganda, sem og að svara fyrir gestarètti í Reykjavík án tillits til lögheimilis míns eða varnarþings.

Reykjavík, 4. Decbr. 1872.
E. Hafliðason

Þareð upphæð þessarar obligationar er endurgreidd, afhendist hún kvittuð og sem ógild.
Reykjavík 6. Decbr 1873.
Sveinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Reykjavík 1872. Einar Þórðarson.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og hinni háttvirtu fátækranefnd mun kunnugt, hvenær og í hverju ástandi Marta Lárusardóttir var, þegar henni af tilhlutan fátækranefndarinnar var komið fyrir hjá mjer, svo mun henni það og fullkunnugt, hvað lengi nefnd Marta hjá mjer dvaldi, hvað mikið jeg átti að fá með henni um mánuðinn og hvernig og í hverju ástandi hún fór frá mjer bæði að útliti og klæðnaði.

En fyrir þann tíma sem Marta var hjá mjer á jeg enn rjettilega eptir hjá hinni háttvirtu fátækranefnd 10 ríkisdali, en af hverjum orsökum gjaldkera nefndarinnar hefur þóknast að neita mjer um þessa borgun, sem jeg optar en einu-sinni en þó árángurslaust hefi leitað, skil eg ekki.

Eg leyfi mjer nú að leita hinnar heiðruðu fátækrastjórnar í heild sinni í því efni, er hjer um ræðir, og það því fremur sem jeg þykist viss um það, að hún ekki vilji draga af mjer hina umræddu 10. ríkisdali; auk þessa á jeg hjá fátækranefndinni 3 ríkisdali fyrir madömu Arenz — —

Þó eg nú epter þessu, sem jeg hefi sagt og sem jeg get með góðri samvizku staðið við að satt er, eigi hjá fátækranefndinni 13 ríkis-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-dali, skal eg þó slá aptur af þessari skuld 5. ríkisdölum, ef nefndinni þá mætti þóknast að borga mjer aðeins 8 ríkisdali, og skal eg þá, þó eg sje fátæk, láta mjer þetta lynda.

Reykjavík 14 júní 1872.

Með virðingu

Guðrún Kristjánsdóttir

Til fátækranefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af því jeg get ekki fengið peninga
hjá borgargjaldkeranum, og hefi þá
ekki fengið ~~meira~~ uppí þetta árið en
500 rd i staðinn fyrir að jeg ætti að
hafa um 1000 rd, þá verð jeg að skora
á ~~borgarm~~ fátækranefndina að hrinda þessu
~~í lag~~ sem fyrst í lag, því þó sumir hafi
í un~~tekter~~ skrifti þá eru margir, sem ekki
vilja annað en peninga; jeg verð því
að reyna innheimtuna með peninga borgun
~~að skora á formannanefndarinnar að~~ [illegible]
meðan svona stendur; ~~og~~ jeg vil þó helzt
~~verði haldinn til þess að hrinda~~ þessu í lag.
ekki ~~leggja~~ þurfa að leggja í sorgi
við borgargjaldkera[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Galtarholti 18 í Marz 1872

Herra Bókhaldari Einar Þórðarson

Þareð mjer á fyrri síðu liggur á að biðja yður að senda mjer svo sem 10 rd (í peningum) með brjefi bevaranum uppí með gjöf ömmu gömlu sem hjá mjer hirist eptir okkar samkomu lagi (á fátækra fje Reikjavíkur bæjar) sá maður sem jeg bið að taka við peningunum frá yður heitir Gísli Jónsson í Einarsnesi ríð í leggur maður er að minni þekkingu Þetta framanum skrifaða bið jeg yður að láta mjer ekki bregðast hvað viðvíkur heilsu kjörum ömmu eru þaug hún lyftir ekki höfðinu frá koddanum nema á meðan um er búið um hana en er því ekki sár það svo það gefur drúgjört að menn fá að sjá henni á bak

Vinsamlegast

J. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S. T.

Herra Prenttari Einar Þórðarson

á

Reikjavík

frá'd á hendur
bónda Gísla
Jónssyni á
Einarsnesi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir yðar ráðstöfun þá fátækra
nefnd Reikjavíkur er nú Berg-
þór á Langárfossi kominn að sækja
Önnu gömlu sem hjá mjer hefur dvalið
og höfum við hjálparlaust til að taka
hana bera uppúr Rúmi og klæða
hana í fötum, enn alt fyrir það
afsagði Bergþór að flitja hanna
með sjer, svo jeg hlít að skora á
ykkur góðu ~~herrar~~ herrar að sækja
þennan vandræða ómaga eður ~~það~~
skaða, því Rjettarmenns get jeg
leitað um hvort að jeg er skyldug
ur að halda þennan ómaga án
skaðlaust með sjóðum og af
ykkur í þágu lausi sem jeg hef hingað
til orðið á skorpju um
jeg orðlengi þetta ei fremur
vinsamlegast
Galtarholti 10 oktober 1872
Jónsson
[illegible]

Til
Fátækra nefndarinnar [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S. T.

Herra Prentari Einar Þórðarson

på Lækna
málefni

á

Reikjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stúlkan Jóhanna Jóhansdóttir, sem undanfarið ár var hjá madömu Maríu Einarsdóttur, en síðan á krossmessu hefir verið kyrr hjá Maríu, sökum þess að hún ekki hafði verið sér í útvegum um, eða getað fengið aðra vist, og María því, meðan svona var ástatt, af meðaumkunarsemi ekki vildi reka hana úr húsi sínu, hefir nú um nokkura tíma verið veik, og sem nú er að fara í vöxt. Einsog hinni heiðruðu fátækrastjórn er kunnugt, er María ekkja, er ekkert hefir við að styðjast, og þaraofan nú um lángan tíma rúmföst af lángvinnum lasleika, og leyfi eg mér því hérmeð að biðja hinu heiðruðu fátækrastjórn gjöra ráðstöfun til: að fyrnefnda Jóhanna Jóhansdóttir strax í dag verði flutt úr húsi Maríu Einarsdóttir", þareð lengri dvöl hennar þar, skapar Maríu þann óróa er hún jafnvel ekki er fær um að bera.

Með virðíngu

Reykjavík þ 29^de^ júní 1872.

A. Sivertsen

Til
Fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

Bjarna Oddssyni falið í dag

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð viðurkenni eg, að hafi fengið
að láni úr fátækrasjóði Reykjavíkur
10 krónur, sem eg lofa að borga aptur að sumri 1884.

Skrifstofu bæjarfógeta Rvík 30/10 1883

Jóhann Jónsson
á Barði

vottar:

Pétursson

B. Sveinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Johann
Jónsson
á Barði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skrif. sýslum. í K. og Gbr. sýslu 11/9. 1884 EMJ

Lögtaksbeiðni Kristján Jónsson

Skrá

yfir þá utanhjeraðsmenn, sem skulda Bessastaða hreppi í Fardögum 1883. . . . Kr. aur.

Herra Haldór Þórðarson Reikjavík frá

Fardaga árinu 1881–82 . . . . . . 48.12

frá fardaga árinu 1882.83 . . . . . . 24.39

— — — 1883–84 . . . . . . 1.17

Alls 73.68

Sigurður Eiríksson Kaplaskjólum við Reikjavík, skuldar sama hreppi frá 1881–82. (: Fardaga Árið) 4.41

Hliði dag 28^d Novembr 1883

Chr: Mathiesson
(Fjehirðir)

Ofan skrifaðar skuldir óskar hreppsnefndin í Bessastaðahreppi, að herra Sýslumanninum í Kjósar og Gullbringu sýslu mætti þóknast að sjá um, að inveði borgaðar sem firsti til gjehirðirs hreppsins, uppá Lögtegun hátt.

Firir hönd hreppsnefndarinnar í Bessastaðahreppi 28^d Nov: 1883.

Chr: Mathiesson
(Oddviti)

Afgr. 500/84

No. 3802

Verkatr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir kröfu sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Kristjáns Jónssonar, ber að taka 25 krónur 56 aura – tuttugu og fimm krónur 56 – aura – lögtaki samkvæmt opnu brjefi 2. Apr. 1841, þó uppá ábyrgð lögtaksins krefjandans að skuldirnar sjeu rjettar. —

Íslands Suður-Amt, Reykjavík, 30. Juni 1884.

Magnús Stephensen
settur.

Lagt fram við fógetagjörð 14. júli 1884
Franz Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-ay
ka
6-
Apr.
ad
884.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24/5

selt f.
24,45

# Reikningur

yfir útför Páls heitins Stefánssonar snikkara

Líkkista 25/00 . . . 25 kr – " aur.
til líkferðar (þar innifalið kaup
líkmanna, kaðlar, saumur líkklæði og
góðgjörðir til líkmannanna) . . 37 – 78

Krónur 62 – 78

Hans beiðr. fyrir vöktlistin
vetur fyrir aðdrætti fyrir Pál 10/00 10 – "

Krónur 72 – 78.

Rvík 24/5 – 1883.
Hans Jónsson

30/10 hér uppí borgað með 20,00 kr.
Hans Jónsson
(hs.)

Nú allt borgað Hans nema
nú eiginr. 10 krónur, er hinn-
framliðni Páll sálugi
ekki átti að borga

11/11 84 Jónasson

265/83

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að Sigurður Frímann Þorláksson þarf að koma á sjúkrahúsið svo fljótt sem auðið er, votta jeg hjer með.

Reykjavík 17 Mai 1883

Schierbeck

Uppá endurgjald frá hlutaðeiganda eða hans framfærsluhreppi skal eg borga hjeðan af fátækrasjóði kostnað í 1 mánuð út í bæ við legu ofangreinds manns.

Reykjavík 17. Mai 1883

E. Th. Jónassen
bæjarfógeti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10/1

Akranesi þ. 8. Janúar 1884.

Herra bæjarfógeti E. Th. Jonassen

Rvík!

Einsog eg gat um við yður þegar eg var síðast á ferðinni vildi eg reyna nú um áramótin að borga ið mesta af skuldum þeim er á Akraneshreppi hvíla til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og hefi eg síðan verið að áminna við gjaldendurna að borga nokkuð af útsvörum um til kaupmanna í Reykjavík, og þó að ekki sé nóg innkomið, er hægara að ná í það sem til vantar að skuldir þessar verði goldnar að fullu.

Eg fékk bréf frá sýslum. Pétri Pálssyni dat. 21 Dec fyrst í gjær, hvar hann getur um að þér hafið skrifað sér til 29 Nóv um skuldir þær er ógreiddar eru frá Akraneshreppi til bæjarsjóðs Reykjavíkur sem samtals nema 136 Kr. 54 au. skal eg aðeins geta þess að þó að eg ekki hefði fengið það bréf, var tilgangur minn að greiða yður [illegible]

Rfj. 13/1 84.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skriptir hjá sveitungum mínum til þess.

Eg leyfi mér að leggja hér inni 3 ávísanir til yðar uppá kaupmenn í Reykjavík ɔ:

Brydes verslun Factor Ol. Ámundason 53 Kr -.

Sig. Magnúss do Factor Björn Kristjánsson 30 - .

og kaupmann Ebrar Geir Zoëga 20 - .

Samt 103 Kr -.

og vildi eg mælast til að þér dalderuðuð skuld Sigr. Jónsdóttir 6 Kr og Nielsar Jósepssonar 29 Kr - og að þær 68 Kr sem afgangs verða yðru þarfar til góða í reikning Auðuns Jónssonar, og vil eg reyna að þær rúmar 30 Kr sem til vanta greiðist yður áðu[r]

í

Reykjavík

Virðingarfyllst

Böðvar Þorvaldsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur